

**Sþ.**

**84. Tillaga til þingsályktunar**

[78. mál]

um framtíðarskipan lífeyrismála.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason,  
Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að grundvallar-  
breyting verði gerð á lífeyrisréttindakerfi þjóðarinnar í því skyni að tryggja öllum  
að lokinni starfsævi sambærileg réttindi og viðunandi afkomuöryggi.

Í því skyni verði komið á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggi  
öllum verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum.

Við framtíðarskipan lífeyrismála verði því eftirfarandi meginhugmyndir lagðar  
til grundvallar:

1. Stofna skal samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, sem tryggir öllum 67 ára  
og eldri verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum. Heimilt verði að flýta töku  
lífeyris eftir nánari reglum.
2. Í þessu augnamiði skulu starfandi lífeyrissjóðir hlíta samræmdum reglugerðar-  
ákvæðum settum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem einnig veitir  
starfsleyfi og hefur yfirumsjón með starfseminni.
3. Lögð verði sérstök áhersla á skráningu lífeyrisréttinda, þannig að þegar áunnin  
lífeyrisréttindi iðgjaldagreiðenda verði sambærileg.
4. Lögboðnir lífeyrissjóðir skulu sameinast í einn almennan lífeyrissjóð, sem  
opinn skal öllum Íslendingum og öðrum hérlendum launþegum sem í hann vilja  
ganga. Réttindi verði ekki aftur flutt úr þessum sjóði nema samkvæmt ákvæð-  
um milliríkjasamninga. Aðrir lífeyrissjóðir en lögboðnir sjóðir skulu eiga rétt á  
inngöngu í hinn almenna lífeyrissjóð. Með viðtæku samkomulagi ríkisvalds við  
launþegasamtök og viðkomandi aðila skal leitast við að sem flestir lands-  
menn gerist meðlimir almenna sjóðsins, en á hinn bóginn ekki gert ráð fyrir  
skylduáðild meðan iðgjaldagreiðandi kýs heldur aðild í öðrum starfandi sjóði.
5. Iðgjöld, hvort sem um er að ræða hluta launþega eða atvinnurekenda, skulu  
skoðast sem hluti af launum viðkomandi launþega og þar af leiðandi ótvíræð  
eign hans. Við flutning réttinda milli sjóða skal gjörvallur eignarhluti aðila  
yfirfærður til hins nýja sjóðs, þ. á m. hluti hans í uppsöfnun sjóðsins miðað við  
innlag hans og veru í sjóðnum á þann veg að sjóðurinn væri tómur, ef allir  
segðu sig úr honum.

6. Stefnt skal að því, að hinn almenni lífeyrissjóður verði gegnumstreymissjóður, þar sem miðað er við að iðgjöld allra greiðenda mæti jafnóðum uppsöfnuðum réttindum lífeyrisþega. Um sjóðssöfnun í þeim skilningi og lánastarfsemi verði þar af leiðandi ekki að ræða.
7. Réttur til lífeyris miðast við iðgjaldagreiðslur, þó þannig að tiltekinn lágmarks-upphæð lífeyris sé ævinlega greidd.  
Lágmarksréttur til lífeyris gildi fyrir alla þá, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 20 almánsár á aldrinum 16 til 67 ára. Upphæð lágmarkslífeyris taki mið af dagvinnukaupi í almennri verkamannavinnu (2. launafl. Dagsbrúnar 1. árs). Að öðru leyti ávinnst lífeyrisupphæð með stigum á grundvelli iðgjalds.
8. Iðgjöld og yfirfærð réttindi umreiknist í stig, sem lögð verða til grundvallar í útreikningi upphæða lífeyris. Í reglugerð skal kveða nánar á um lágmarks-upphæð lífeyris og hvernig iðgjaldagreiðslur umreiknast í stig, sem ákveði lífeyrisgreiðslur. Gæta skal þess, að þegar áunnin réttindi lífeyrisþega skerðist ekki að neinu leyti.  
Hinn almenni lífeyrissjóður verði séreignasjóður, þar sem uppsöfnun stiga á persónulegum reikningi veita réttindi til hærri lífeyris, þannig sé heimilt að nota frjáls framlög umfram skylduiðgjald til uppsöfnunar stiga og þá til hækku-  
unar á væntanlegum lífeyri.
9. Sameiginleg stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sinn hvorn sérreikning þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fengi þannig greiddan lífeyri í samræmi við uppsöfnuð stig. Heimavinnandi húsmæður og fráskildar konur fara þannig ekki varhluta af áunnum lífeyri. Nánari reglur, sem kveða á um að ónotuð áunnin réttindi erfist til maka eða sambúðaraðila, verði settar.
10. Aðrar bætur tryggingakerfisins verði ekki háðar iðgjöldum launþega og verði farið með þær í umsjá Tryggingastofnunar ríkisins líkt og hingað til, nema hvað stefnt skal að endurskoðun upphæða. Tryggingastofnun ríkisins skal einnig falin rekstur hins almenna lífeyrissjóðs.

#### Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn telur að ekki verði lengur undan því vikist að uppræta það misrétti sem ríkir í lífeyrismálum þjóðarinnar.

Einn og hálfur áratugur er nú liðinn frá því Alþýðuflokkurinn tók upp baráttu fyrir einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Lítið hefur áunnist, því stuttu seinna upphófst þróun, sem stefnt hefur í þveröfuga átt, þannig að nú á nær hver starfsstétt í landinu sinn lífeyrissjóð. Sumir hafa þannig áunnið sér samilegan eða góðan rétt, en aðrir búa við lítinn eða lítinn sem engan rétt. Kerfið er þungt í vöfum, yfirsýn er takmörkuð og misrétti mikið, auk þess sem lífeyrissjóðirnir hafa frekar verið notaðir sem lánastofnanir heldur en til að sinna hlutverki sínu eða tryggja fólki viðunandi afkomu í ellinni.

Verðbólguþáttur leggur sinn skerf til þess að brenna upp fé lífeyrissjóðanna. Iðgjaldagreiðendur verða að bæta mismuninn upp í hærri iðgjöldum en ella væri nauðsynlegt.

Lánastarfsemi lífeyrissjóða hefur hjálpað fjölmörgum ungum fjölskyldum til að koma sér upp þaki yfir höfuðið, og menn hafa verið fegnir að eiga aðgang að slíkum möguleika. Hins vegar hafa lífeyrissjóðir aldrei staðið sig fyllilega sem góðir byggingalánasjóðir að hætti erlendra fyrirmynda, sem einungis skipta sér af slíku, enda ekki gert ráð fyrir að þeir geri það. Þessi lánastarfsemi hefur þó orðið til þess að slæva vitund og árvekni stjórnmalámannanna fyrir þeirri nauðsyn að setja á fót viðunandi húsnæðislánakerfi. Það var ekki fyrr en með stefnumótun Magnúsar H. Magnússonar um breytta skipan húsnæðislána og hækkuð lánshlutfalla, að grundvöllur var lagður til að koma á skynsamlegra fyrirkomulagi lífeyrismála,

Því þar með var stefnt að því að húsbýggjendur og lífeyrissjóðir yrðu leystir úr þeirri úlfakreppu að verða að treysta hver á annan í þessu efni. Með framkvæmd hugmyndarinnar um hreinan lífeyrissjóð ber því samhlíða brýna nauðsyn til að huga betur að húsnaðismálum, sérstaklega með lánaþörf ungs fólks í huga.

Ásælni ríkissjóðs hefur einnig farið vaxandi í þessa sjóði, m. a. til að fjármögnun verðbólgunnar færi ekki einungis fram með seðlaprentun.

Nú vill svo til, að lífeyrissjóðir eru ungir að árum flestir hverjir, þannig að heildargreiðslur lífeyris hafa verið tiltölulega litlar. Ljóst er, að slíku verður ekki að heilsa er fram líða stundir og greiðslubyrði leggst með fullum þunga á sjóðina. Þá verður útséð um, að byggingarlán eða ríkisaðstoð mun ekki koma frá lífeyrissjóðum. Þá munu lífeyrissjóðirnir sjálfir eiga fullt í fangi með að standa undir útgjöldum sínum. Þegar kröfur um fullar verðbætur og lægri lífeyrisaldur koma til framkvæmda munu flestir lífeyrissjóðir stefna í gjaldþrot að óbreyttu kerfi. Núverandi fyrirkomulag mun því í framtíðinni ekki geta staðið að fjármögnun húsnaðismálafjárfestingarsjóða eða fjármögnunarvanda ríkissjóðs og reyndar ekki einu sinni geta risið undir greiðslum lífeyris. Undan því verður því ekki vikist að finna lausn á þessum vanda, bæði að því er varðar lífeyrismálin og fjárþörf vegna fjárfestingarlána.

Baráttan fyrir einum lífeyrissjóði, sem einungis verði beitt til hagsmuna fyrir lífeyrisþega sjálfa, er því brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Ef einungis er haft í huga, að tryggja beri landsmönnum öllum sómasamlegan lífeyri, þá ber að hætta því fjármálavafstri, sem stundað er með lífeyrissjóðina í dag. Ef tekið er dæmi um mismunun og í hvaða ófni getur stefnt, má benda á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu sem lánasjóður, svo og greitt mun betri verðbætur ásamt lægri lífeyrisaldri en almennt gerist, þarf aðstoð ríkisins að koma til, sjóðurinn sem slíkur stendur ekki undir sér. Í heildarupphæðum reiknað þarf 18% iðgjald til að dæmið standist, en verðbætur ríkissjóðs munu nema sem svarar 8% iðgjalda.

Aðrir launþegar hafa ekki slíka vinnuveitendur og kerfið býður þeim ekki upp á slíka möguleika til verðbóta. Slíkt væri einungis mögulegt í gegnumstreymiskerfi allra iðgjaldagreiðslna, og vegna hagstæðrar aldursskiptingar þjóðarinnar er ólíklegt að hærra iðgjald en 11% þurfi að koma til í slíku kerfi til að veita svipuð kjör til handa öllum landsmönnum hvað snertir upphæð lífeyris og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir sínum meðlimum í dag.

Kröfur verkalyðshreyfingarinnar um fullar verðbætur líkt og opinberir starfsmenn njóta eru sjálfsagðar í ljósi jafnréttis. Þær eru hins vegar óframkvæmanlegar meðan ekki er gerð kerfisbreyting. Án kerfisbreytingar verður kröfunni ekki mætt nema með ríkisstyrk, sem leiðir í reynd til þyngri skattbyrði.

Hugmynd þeirri, sem hér er lögð fram, er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti fyrir þá, sem nú búa við misjöfn skilyrði ólíkra lífeyrissjóða, svo og fyrir þá, sem ekki geta stundað störf á vinnumarkaði vegna heimilisstarfa. Hugmyndinni er enn fremur ætlað að stuðla að fjárhagslega traustu lífeyriskerfi, sem einungis skal beitt í þágu lífeyrisþega sjálfra

Tillaga þessi byggir á stefnu Alþýðuflokksins til margra ára um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn með hliðsjón af þeirri þróun í lífeyrismálum, sem átt hefur sér stað frá því Alþýðuflokkurinn fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka lagði fram tillögur sínar um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Á 39. þingi Alþýðuflokksins, sem fram fór 31. okt. til 2. nóv. s. l., voru lífeyrismálin til umræðu og ályktunar. Þingið samþykkti stefnu um útfærslu samræmds lífeyriskerfis, sem tillaga þessi byggir á.

Lífeyrismálin og lífeyrissjóðakerfið eru flókin mál og umfangsmikil, en meginmarkmiðið með þessum tillögumflutningi er sú heildarstefna, sem í tillögunni felst, fremur en tiltekna tæknilegar útfærslur í smáatriðum.

*Athugasemdir við einstaka liði.*

1. Hér er lögð áhersla á samfellt kerfi frekar en einn sjóð, þar eð ekki þykir rétt að beita þvingunum til sameiningar sjóða, ef einhverjir aðilar kjósa að starfa utan við hinn almenna sjóð. Enn fremur er lögð áhersla á sveigjanleika í töku lífeyris.
2. Óeðlilegt þykir að umsjón með lífeyrissjóðum sé í höndum fjármálaráðuneytis, þegar til er fagráðuneyti, sem fer með tryggingamál. Ætlast er til, að ný reglugerð um stofnun lífeyrissjóða kveði fastar á um meðlimatölu sjóðanna og verðtryggingu lífeyris en verið hefur.
3. Skýrir sig sjálft, en ekki er ætlast til að þegar áunnin réttindi lífeyrisþega verði skert.
4. Lagt er til, að allir þeir lífeyrissjóðir, er stofnað hefur verið til með lögum, gangi inn í hinn almenna sjóð, enda veiti hinn nýi sjóður ekki lakari lífeyri en þeir fyrrnefndu, að því breyttu, að nú standa iðgjaldagreiðendur (launþegar og atvinnurekendur) sjálfir undir öllum kostnaði af sínum lífeyri, en ekki skattgreiðendur. Stefnt skal að því, að sem flestir landsmenn gangi í hinn nýja sjóð.
5. Framlag atvinnurekenda er tvímælaust eign launþegans, en ekki lífeyrissjóðs. Sama gildir um aðrar eignir og vaxtatekjur lífeyrissjóðanna. Þær eru allar eign þeirra launþega, er lagt hafa fé í sjóðinn, og það í heinu hlutfalli við framlög-in. Þegar sjóðfélagi skiptir um sjóð ber honum allur þessi réttur.
6. Gegnumstreymissjóður verðtryggir lífeyri og tryggir góða afkomu lífeyrisþega. Þar er ekki mögulegt að viðhafa lánastarfsemi. Áréttu verður því þá skyldu stjórnámálanna að finna viðunandi lausn á húsnæðislánamálum. Fyrirsjáanlegt gjaldprot flestra lífeyrissjóða, er fram líða stundir, er óhjákvæmilegt. Flókið verðbótakerfi, sem þegar er tekið að seilast í ríkissjóð, býður upp á ríkisrekstur sjóðanna í staðinn. Með 4% iðgjaldi fá menn lífeyri sem nemur 60—70% af besta kaupí æviskeiðsins, sem eiginlega kostar 18—20% iðgjald. Mismuninn greiðir ríkissjóður, sem þannig stuðlar að hærri niðurgreiðslum á lífeyri til hinna herra launuðu, en litlum greiðslum til þeirra sem lítið höfðu. Þetta er gömul saga, sem óþarfi er að við stuðlum að í okkar þjóðfélagi. Með gegnumstreymiskerfi er unnt að tryggja fullar verðbætur í samræmi við þau laun, sem menn hafa haft á æviskeiði sínu, án þess að fjárhagsgrundvöllur lífeyris sé í hættu.
7. Stefnt er að ekki lægri lágmarkslífeyri en sem nemur um 300 þús. kr. á mánuði. Nú mun elillífeyrir ásamt tekjutryggingu nema tæpum 200 þús. kr. Sett er skilyrði um 20 ára búsetu og er það í samræmi við samþykkt ILO nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis.
8. Stigakerfi það, sem stefnt skal að, verður að vera svo skýrt, að iðgjaldagreiðandi geti auðveldlega fylgst með hversu mikil réttindi hann hefur áunnið sér á hverjum tíma. Frjáls framlög til lífeyrissjóðs eru hugsuð sem sparnaðarform, þar sem menn geta valið sér betri lífeyri í ellinni, jafnvel yfir hugsanlegt hámark.
9. Skýrir sig sjálft.
10. Þar sem á skortir að lágmarksréttindi náist getur mismunurinn fjármagnast að hluta af iðgjöldum þeirra herra launuðu eða í gegnum almannatryggingakerfið. En athuga ber vel, að lífeyriskerfi, sem byggt er upp með gegnumstreymi og skýra kostnaðarreikninga í huga, sem endurspegla eiga starfslaunaævi lífeyrisþegans, sé haldið fyrir utan það kerfi velferðarbóta, sem ætlað er að tryggja mönnum afkomu án þess að um iðgjöld hafi verið að ræða. Tryggingakerfi okkar hefur fram til þessa verið byggt upp á þennan hátt, en ljóst er að það veldur ekki þeirri kröfu, að fjármögnun síðasta hluta æviskeiðsins verði í þolanlegu jafnvægi við það, sem á undan var gengið. Það er þessi vandi, sem hinum framlögðu hugmyndum er ætlað að bæta úr.

Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess, að jöfnunaráhrif skattakerfisins liggi að baki bótum almannatrygginga og íþyngi ekki iðgjöldum til hins nýja sjóðs, því ljóst er að iðgjöld þyrftu að hækka verulega, ef gegnumstreymissjóðurinn ætti að fjármagna aðra bótaflokka almannatryggingakerfisins.

Við breytta skipan lífeyriskerfisins er einnig lögð áhersla á endurskoðun annarra bótagreiðslna, sem eru í umsjá Tryggingastofnunarinnar, og ber í því sambandi að gera almannatryggingakerfinu kleift að greiða örorkulífeyri á sama grundvelli og ellilífeyri.